

Því lagt það til að umrætt lagafrumvarp hljóti ekki allrahæsta staðfesting. **79**  
Tillögu þessa hefir hans hátign konunginum 21. þ. m. allramildilegast þóknast **27. júní**  
að fallast á.

Þetta er yður hjer með til vitundar gefið til leiðbeiningar og birtingar í  
B deild Stjórnartíðindanna ásamt umgetnu brjefi yðar.

Brjef landshöfðingja.

Alþingi, sem saman kom í ár, hefir eptir löglegan undirbúning samþykkt lagafrumvarp  
um eptirlaun, sem borið hefir verið upp af þingmanna hálfu. Frumvarp þetta leyfi jeg mjer  
hjer með að senda bæði í þeim búningi, er það kom í frá þinginu, og í danskri þýðingu.

Nefnt lagafrumvarp, er í öllu verulegu samhljóða frumvörpunum um sama efni, sem  
samþykkt voru af alþingi 1893, 1895 og 1897, og eigi hafa getað öðlazzt allrahæsta staðfesting  
Það er að eins gjörð sú breyting, að þar sem eptirlaunin eftir hinum eldri frumvörpum voru  
 $\frac{1}{5}$  embættislaunanna + 20 kr. fyrir hvert þjónustuár, eru þau í frumvarpi því, er hjer ræðir  
um, ákveðin  $\frac{1}{4}$  af embættislauninum + 20 kr. fyrir hvert þjónustuár, hafi embættislaunin  
verið 3000 kr. eða minni, en hafi þau verið meiri, þá  $\frac{2}{3}$  % af þeim fyrir hvert þjónustuár.  
Ennfremur hefir alþingi skotið inn nýrri grein, 3. gr., er kveður svo á um, að, ef embættis-  
maður, sem sökum heilsubreysts hefir fengið lausn frá embætti með eptirlaunum, kemst aptur  
til heilsu, sje hann skyldur til að taka á móti embætti, er eigi sje launað lægra en embætti  
það, er hann var leystur frá.

Um leið og þess er getið, að framangreindar breytingar frá eldri eptirlaunafrumvörp-  
um að líkindum ekki gjöra lagafrumvarp það, sem hjer er um að ræða, aðgengilegra en hin  
eldri, skal jeg leyfa mjer virðingarfyllst að fela hinu haa ráðaneyti mál þetta.

**Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um þingsálykt- 80**  
**un um frímerki.** — Með brjefi, dagsettu 31. oktbr. f. á., hafið þjer, herra **30. júní**  
landshöfðingi, sent hingað þingsályktun um frímerki, sem samþykkt var af báðum  
deildum alþingis 1899, og er þingsályktun þessi samhljóða þingsályktun þeirri  
um sama efni, sem samþykkt var á alþingi 1897, og eigi var tekin til greina.

Út af þessu skal yður til vitundar gefið til leiðbeiningar og birtingar í  
Bdeild Stjórnartíðindanna, ásamt nefndu brjefi yðar, að ráðaneytið getur eigi  
heldur tekið til greina þingsályktun þá, er nú liggur fyrir, af hinum sömu á-  
stæðum, sem taldar eru í brjefi ráðaneytisins 8. septbr. 1898 (Stjórnartíðindi B,  
bls. 137—138).

Brjef landshöfðingja.

Báðar deildir alþingis, er saman kom í ár, hafa eptir löglegan undirbúning samþykkt  
þingsályktun, þar sem skorað er á stjórnina að láta búa til ný íslensk frímerki, t. a. m.  
þannig, að orðið »Ísland« verði prentað á almennum frímerkjum í beinni línu, en á þjónustu-  
frímerkjum í boginni línu, eða verðtalan sett eigi að eins í miðjuna, heldur og í hornin, og  
annaðhvort innleiða þau samhliða nógildandi íslenskum frímerkjum, meðan þau frímerki end-  
ast, eða gera nógildandi frímerki ógild, um leið og nýju frímerkiu verða innleidd.

Jafnframt því að senda framangreinda þingsályktun bæði í þeim búningi, er hún

**80** kom í frá þinginu, og í danskri þýðingu, skal jeg láta mjer nægja að taka það fram, að þings-  
**30. júní** ályktun þessi er samhljóða þingsályktun þeirri um frimerki, sem samþykkt var á alþingi 1897, og samkvæmt brjefi hins háa ráðaneytis 8. septbr. 1898 ekki var talin til þess fallin að verða tekin til greina.

81

## Reglugjörð

um

### Landsskjalasafnið.

1. gr.

Í Landsskjalasafni Íslands eru þau skjalasöfn, er nú greinir:

1. Skjalasafn höfuðsmanna, stiptamtanna og landshöfðingja.
2. Skjalasafn stiptsyfirvalda.
3. Skjalasafn amtmanns sunnan og vestan og amtmanns norðan og austan.
4. Skjalasafn hinna fornu biskupsstóla og biskupsdæmisins, ásamt skjalasöfnum prófastsdæma, kirkna og prestakalla.
5. Skjalasafn landsyfirdóms og hins forna yfirrjettar og lögþingisrjettar.
6. Skjalasafn landlæknis.
7. Skjalasafn landfógeta.
8. Skjalasafn endurskoðanda umboðsvaldsins.
9. Skjalasafn alþingis.
10. Skjalasöfn sýslumanna og bæjarfógeta.
11. Skjalasöfn hjeraðslækna.
12. Skjalasöfn umboðsmanna.
13. Skjalasöfn hreppstjóra.
14. Skjalasöfn hreppsnefnda.
15. Skjalasöfn sáttanefnda.
16. Skjalasöfn bólusetjara.

Þeir, sem hafa skjalasöfn þessi til geymslu, skulu skyldir að annast um, að þau skjöl og bækur hvers safns, sem eldri eru en 30 ára, verði send til Landsskjalasafnsins. Þó skal eigi senda úr skjalasöfnunum skjöl, sem heyra til málum yngri en 30 ára, eða bækur, er eitthvað er í yngra en 30 ára, nema landshöfðingji úrskurði svo, og enn fremur þarf eigi að senda í Landsskjalasafnið bækur og skjöl úr skjalasöfnum þeim, er talin eru í þessari grein, þótt eldri sje en 30 ára, ef fengið er leyfi landshöfðingja. Með skjalasendingum og bóka til Landsskjalasafnsins skal jafnan fylgja nákvæm skrá tvirituð yfir skjölin og bækurnar, og skal annað eintakið geymt í Landsskjalasafninu, en á hitt ritar landsskjalavörður viðurkenning um móttöku skjala og bóka, og skal það eintak svo geymt í safni því, er í hlut á. Þess skal gætt að kostnaðurinn verði eigi óhæfilega hár og skal því senda skjölin og bækurnar með strandskipunum, ef þess er kostur.